



FLENSBORGARSKÓLINN
Heilsueflandi framhaldsskóli

Heil og sæll!

Skólafarið, nú þegar komið er fram í 6. viku vorannar, hefur gengið vel, þrátt fyrir miklar umgangspætur og umhleypinga í veðri síðustu daga. Ég vil minna á mikilvægi þess að **tilkynna veikindi** í INNU jafnóðum en líka mikilvægi þess **að halda vel utan um námið**, m.a. að huga vel að verkefnaskilum og hlutaprófum og vera í góðu samráði við kennara.

Eins og kom fram í síðasta bréfi þá býður Flensborgarskólinn upp á ýmislegt til að styðja við nemendur, sbr. **raungreinaver** og **ritver** en það er til dæmis opið fjóra daga vikunnar. Þar geta nemendur fengið stuðning og leiðsögn kennara við heimanámið, frágang á verkefnum eða aðstoð við ritgerðarskrif. Þar er einnig hægt að taka forfallapróf. Allar nánari upplýsingar um þetta má finna á [heimasíðu](#) skólans, en þar er einnig hægt að bóka tíma hjá nemendapjónustu skólans, ef frekari aðstoðar í náminu er þörf. Þá vil ég vekja athygli á því að **fimmtudagurinn 9. febrúar er svokallaður námsmatsdagur og/eða uppsópsdagur**. Þetta þýðir að **engin kennsla** fer fram þennan dag en nemendur skólans geta nýtt daginn til að vinna upp verkefni, læra fyrir næsta próf eða undirbúa sig fyrir næstu viku. Það er von okkar að dagurinn nýtist öllum, ekki síst til hlaða batteríin.

Að lokum vil ég minna á **rannsókn skólans á stöðu og viðhorfi nemenda með íslensku sem annað mál**. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort nemendur þekki þá aðstoð sem skólinn býður upp hvort nemendur nýti sér hana og hvað má bæta í námsumhverfinu. Könnuninni lokar annað kvöld þannig að nú er um að gera að taka þátt og svara [hér](#). Þá er gaman að segja frá því að skólinn er kominn í samstarf við sjö aðra **íþrótttaafreksskóla í Evrópu** og er hugmyndin að nemendur á íþrótttaafrekssviði taki þátt í rannsókn í apríl er varðar gæði náms og sveigjanleika vegna íþróttaiðkunar nemenda.

Og stutt í blálokin – nú stendur yfir **skemmtivika** NFF með ýmsum uppátækjum, svo sem pool-móti, pizzusölu, hoppukastala og fleiru. Þá keppir lið skólans í **16 liða úrslitum í Morfís í kvöld**. Andstæðingurinn er MK og hefst keppnin kl. 18:00. Keppnin fer fram hér í skólanum – **allir að mæta og áfram Flensborg!**

Bestu kveðjur,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594

